

# KIRKJUGARÐARÁÐ

**81. fundur haldinn 30. ágúst 2010.**

**Farið var upp á Akranes, Borgarnes og Borg á Mýrum.**

**Fundur ráðsins var haldinn í safnaðarheimili Akraneskirkju.**

**Ferðin hóst kl. 9 frá Biskupsstofu og var komið til baka kl. 16.40 til Reykjavíkur.**

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Sigurgeir Skúlason og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skráði fundargerð.

## **1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar**

Fundur var settur kl. 13.00 í safnaðarheimili Akraneskirkju.

Fundargerðir 79. og 80. fundar voru lagðar fram til samþykktar. Gerð var athugasemd við 4. lið fundargerðar 80. fundar.

## **2. Sólheimar í Grímsnesi – beiðni um upptöku nýs kirkjugarðs**

Samþykkt var upptaka nýs kirkjugarðs að Sólheimum með þeim fyrirvara að aðalsafnaðarfundur hefði verið löglega boðaður. Sent skyldi bréf þar sem óskað væri eftir afriti af undirritaðri fundargerð. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir afriti af undirritaðri fundargerð.

## **3. Möðruvellir í Eyjafirði**

Borist hefur munnlegt erindi frá Guðmundi Þór Guðmundssyni vegna fundar sem hann sat vegna málefna Möðruvalla í Eyjafirði. Óskað var eftir að fulltrúar Kirkjugarðaráðs skoðuðu frágang kirkjugarðs og bílastæðis. Kirkjugarðaráð samþykkti að Guðmundur Rafn Sigurðsson og Sigurgeir Skúlason færu að Möðruvöllum og ræddu við ábúanda um fráganginn.

## **4. Næsti fundur**

Næsti fundur verður haldinn 27. september kl. 13.00.

## **5. Önnur mál**

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Að loknum fundi kirkjugarðaráðs var haldinn annar fundur á Akranesi. Hann sóttu auk Kirkjugarðaráðs. sr. Edvarð Ingólfsson, Jón Pálmi Jónsson starfandi bæjarstjóri, Indriði Valdimarsson og Björn Ó. Björnsson umsjónarmaður kirkjugarðsins. Rædd var stækkun kirkjugarðsins. Fulltrúarnir kváðust hafa áhyggjur af grafhýsi í kirkjugarðinum, sem þeir höfðu óskað eftir að fjarlægja, en hætt við að beiðni minjavarðar svæðisins og safnafólks. Kristín Huld sagðist myndi ræða við minjavörð um grafhýsið.

Rætt var hvort eðlilegt væri að klukkuturn í garðinum heyrði frekar undir kirkjugarðinn en byggðasafnið.

Akurnesingar höfðu áhuga á að flytja minningarstein um set. Þórsteinn benti á að ef það reyndist nauðsynlegt, þá þyrfti að kynna söfnuðinum málið vel áður en ákvörðun yrði tekin.

Haldinn var fundur í kirkjugarðinum í Borgarnesi með sr. Þorbirni Hlyni Árnasyni, Jökli Helgasyni tæknifræðingi hjá Borgarbyggð, Þorsteini Eyþórssyni formanni sóknarnefndar, Lilju Guðmundsdóttur sóknarnefndarmanni, Jóni Finnssyni umsjónarmanni kirkjugarðsins og Eygló Lind Eyjólfsdóttur starfsmanni Borgarneskirkju.

Rædd var stækkun kirkjugarðsins í Borgarnesi og hvatt til þess að hann væri stækkaður í stað þess að stofna nýjan garð.

Kirkjugarðurinn að Borg á Mýrum var skoðaður undir leiðsögn sr. Þorbjarnar Hlyns og Einars Óskarssonar formanns sóknarnefndar. Rædd var lagfæring og snyrting garðsins. Umgjarðir grafa eru margar illa farnar og trjágróður er að skemma út frá sér.

Hvatt var til þess að farið væri varlega í allar lagfæringar og uppfyllingu í kringum grafir, þótt ljóst væri að slíkt væri nauðsynlegt. Hvatt var til samráðs við framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs og minjavörð svæðisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari